



# Skipulagsgerð

samspil við  
rammaáætlun


vindorka

Birna B. Árnadóttir  
17. desember 2014



Skipulagsstofnun

- Skipulagslög nr. 123/2010
  - Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
  - Reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011
  
- Lög um umhverfismat áætлана nr. 105/2006
  
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.
  - Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005 m.s.br.
  
  - Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012



## ■ Landsskipulagsstefna

- Ráðherra leggur fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til 12 ára – lögð fram innan tveggja ára frá Alþingiskosningum

## ■ Svæðisskipulag


- Tvö eða fleiri samliggjandi sveitarfélög – valkvætt nema á höfuðborgarsvæðinu
- Sameiginleg stefna um byggðapróun og landnotkun sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga

## ■ Aðalskipulag

- Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag - skylda fyrir öll sveitarfélög
- Stefna sveitarstjórnar um landnotkun og byggðapróun, byggðamynstur og þjónustukerfi til a.m.k 12 ára
- Endurskoðuð á 4 ára fresti

## ■ Deiliskipulag

- Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags – byggð á aðalskipulagi
- Nánari útfærsla á stefnu aðalskipulags
- Skylda þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar
- Samþykkt af viðkomandi sveitarfélagi



Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið við skipulagsgerð sveitarfélaga.

Fjögur meginviðfangsefni – áherslur ráðherra:

1. Skipulag á miðhálandi Íslands
2. Skipulag í dreifbýli
3. Búsetumynstur og dreifing byggðar
4. Skipulag haf- og strandsvæða

Landsskipulagsstefna tekur mið af verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) frá 2013. Að sama skapi ætti endurskoðun á rammaáætlun að taka mið af landsskipulagsstefnu þegar hún hefur verið samþykkt á Alþingi.

## 1. Skipulag á miðhálandi Íslands

***Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir ferðapjónustu og útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.***

### 1.1 Víðerni og náttúrugæði

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.

## 1.4 Sjálfbær nýting orkulinda

*Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti verndunar víðerna.*

### Skipulagsgerð sveitarfélaga

#### 1.4.1 Orkunýting í skipulagsáætlunum

- Skipulagsákvæðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings taki mið af áherslu landsskipulagsstefnu á verndun víðerna og náttúru miðhálandisins. **Meiriháttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.**

### Önnur verkefni stjórnvalda

#### 1.4.2 Umhverfismat virkjunarkosta

- Við umhverfismat verndar- og orkunýtingaráætlunar verði lagt mat á samlegðaráhrif virkjunarkosta á víðerni og náttúru hálandisins. Einnig á áhrif orkuflutningsmannvirkja og samlegðaráhrif nýrra virkjunarkosta innbyrðis og með öðrum mannvirkjum sem fyrir eru eða þegar ákveðin.

#### 1.4.3 Umhverfismat orkuflutningskosta

- Við umhverfismat kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu orkuflutningsmannvirkja á víðerni og náttúru hálandisins. Á miðhálandinu taki slíkt umhverfismat til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja auk loftlína.

## 2. Skipulag í dreifbýli

### 2.5 Orkumannvirki í sátt við náttúru og umhverfi:

*Orkulindir í dreifbýli verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.*

### Skipulagsgerð sveitarfélaga

#### 2.5.1 Orkunýting í skipulagsáætlunum

- Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika til orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og **vindorku** í sátt við náttúru og samfélag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

### Önnur verkefni stjórnvalda

#### 2.5.2 Skipulag vindorkunýtingar

- Skipulagsstofnun í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir standi fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga um skipulagsmál og umhverfismat **vindorkunýtingar**.

- Rammaáætlun er bindandi við gerð svæðisskipulags – ef sveitarfélög kjósa að marka stefnu um orkunýtingu
- Svæðisskipulags miðhálandis 2015 heldur gildi sínu þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt
  - markar ekki stefnu um nýtingu vindorku til raforkuframleiðslu.
- Svæðisskipulag er mögulegur farvegur fyrir almenna stefnumörkun um nýtingu vindorku sbr. Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2027 sem markar stefnu um nýtingu jarðhita.



- Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarfélags um byggðapróun og landnotkun á öllu landi innan marka sveitarfélagsins út að 115 m út frá stórstraumsfjöru (netlög)
- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er bindandi við gerð aðalskipulags
- Virkjanakosti, 10 MW og stærri, þarf að skilgreina í samræmi við flokkun rammaáætlunar í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk
- Ákvæði um heimild sveitarstjórna til að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt rammaáætlun frá 2013 hafa ekki verið nýtt (7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun)

Rammaáætlun	Landnotkun í aðalskipulagi - skipulagsreglugerð
Nýtingarflokkur	Afmarkað sem <b><i>iðnaðarsvæði (I)</i></b> þ.e. svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi svo sem verksmiðjur og virkjanir (grár litur).
Biðflokkur	Fellur undir takmörkun á landnotkun þ.e. <b><i>Varúðarsvæði (VA)</i></b> , táknuð með lóðréttum svörtum strikum. Stefna sveitarstjórnar um landnotkun getur t.d. verið óbyggt svæði, landbúnaðarsvæði eða iðnaðarsvæði. Í samræmi við áherslu landsskipulagsstefnu um verndun víðerna er eðlilegt að þessi svæði séu skilgreind sem <b><i>óbyggð svæði</i></b> á miðhálandinu og eftir atvikum einnig hverfisvernduð, þar til fyrir liggur hvort viðkomandi landsvæði skuli flokkað í nýtingar- eða verndarflokk.
Verndarflokkur	Fellur undir takmörkun á landnotkun þ.e. <b><i>Önnur náttúruvernd (ÖN)</i></b> , táknuð með svörtum skástrikum. Tímabundin vernd á meðan friðlýsingarferli fer fram.

- Nýting vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagsmálum
- Fyrirsjáanleg aukin eftirspurn eftir því að reisa vindrafstöðvar í dreifbýli undir stærðarmörkum rammaáætlunar (10 MW)
- Þörf á þekkingu um skipulagslega nálgun og umhverfismat
- Tvær breytingar á aðalskipulagi vegna vindrafstöðva:
  - Iðnaðarsvæði við Búrfell (Hafið) allt að 1,9 MW orkuframleiðslu
  - Iðnaðarsvæði í Þykkvabæ allt að 1,9 MW orkuframleiðsla
- Í farvatninu
  - Vindorkugarður (iðnaðarsvæði) Landsvirkjunar á Hafinu
  - Iðnaðarsvæði fyrir vindrafstöð á Breiðadalsheiði við Þverfjall, Ísafjarðarbæ
  - Suðurlandið